

sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Hin ídæmda sekt lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 1/1887.

Kaupfjelag Þingeyinga
gegn
Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps.

D ó m u r :

Hreppsnefnd Húsavíkur ljet þann 4. febrúarmán. f. á. taka lögtaki hjá umboðsmanni kaupfjelds Þingeyinga sveitar-útsvar fyrir fardaga-árin 18⁸⁴/₈₅ og 18⁸⁵/₈₆ að upphæð 138 kr. auk kostnaðar. Hlutadeigendur höfðuðu þar á eptir mál gegn hreppsnefnd Húsavíkur fyrir lögtak þetta til endurgjalds á því lögtekná ásamt kostnaði, en við aukarjett Þingeyjarsýslu var þann 4. nóvemberm. 1886 dæmt, að málinu skyldi vísað frá rjetti, og sækjandinn, Jón Sigurðsson á Gautlöndum, sem umboðsmaður kaupfjelds Þingeyinga, skyldi greiða Þorbergi hreppsnefndaroddvita Þórarinssyni sem kost og tæringu 20 kr.

Máli þessu hefur nú kaupfjelag Þingeyinga áfrýjað og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til dóms-áleggingar að efninu til, samt að hinn stefndi greiði málskostnað.

Hreppsnefnd Húsavíkur, sem er stefnd, hefur þar á móti krafizt þess, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, og málskostnaður greiddur af hinum stefnda.

Mál þetta var tekið fyrir í sáttanefnd hinn 10. marz f. ár eptir kæru frá Jóni alþingismanni Sigurðssyni fyrir hönd hins ofan-tjeða kaupfélags, og eptir vottorði sáttanefndarinnar, rituðu á kæruskjalið, komust sættir eigi á, en það sjest af skýrslu þeirri, er sáttanefndin enn-fremur hefur gefið, að hinir stefndu þegar fyrir sáttanefndinni hafa mótmælt umboði því, er formaður fjelagsins, Jón Sigurðsson, hafði gefið, sökum þess að hann væri eigi bær um, að gefa umboð í nafni fjelagsins. Þar eð slík mótmæli komu fram á fundinum, verður eigi álitíð, að fullkomin sáttan-umleitun hafi átt stað, þó að sáttanefndin hafi reynt, eptir því sem á stóð, að sætta þá, er mættir voru, nje heldur verður á skorti nægilegs umboðs fyrir sáttanefnd ráðin bót með því, að sáttakærandinn hefur lagt fram umboð undir rekstri málsins fyrir rjetti, og sem eru annaðhvort dagsett eptir sáttanefndardaginn eða koma við öðrum skattgjaldsárum, en lögtakið var gjört fyrir.

Með því eins og tekið er fram í aukarjettardóminum lög kaupfélags Þingeyinga eigi heimila formanni fjelagsins einum, heldur fulltrúastjórn fjelagsins, að höfða mál eða gefa umboð til þess, þá verður að fallast á ástæðurnar í hinum áfrýjaða aukarjettardómi, og hann að staðfesta að öllu leyti.

Málskostnað fyrir yfirrjetti ber áfrýjandanum að greiða til hinna stefndu með 30 kr., þar af til hins skipaða verjanda þeirra, Halldórs Friðrikssonar, 10 kr.

Að því leyti mál þetta hefur verið flutt að veittri gjafsókn, vottast að rekstur þess fyrir yfirrjettinum og í hjeraði hefur verið lögmaður.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á óraskaður að standa. Sem málskostnað fyrir yfirrjetti ber áfrýjandanum, kaupfjelagi Þingeyinga, að greiða 30 krónur, þar af til hinna stefndu 20 kr., og 10 kr. til hins skipaða verjanda þeirra, Halldórs yfir kennara Friðrikssonar.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. ágústmán.

Nr. 42/1887.

Rjettvísín

gegn

Árna Árnasyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Húnavatnssýslu, upp kveðnum 19. febr. þ. ár, var hinn ákærði, Árni Árnason, fyrir einfaldan þjófnað dæmdur til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun í hjerði 6 kr. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins fyrir hönd hins ákærða.

Það er í sök þessari með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum málsins löglega sannað, að hann hafi haustið 1885 stolið á Blönduósi 4 tómum þriggja-pela-flöskum úr farangri Björns bónda Sigfússonar, er lá þar úti hjá verzlunarhúsunum; að hann vorið næst á undan hafi stolið nokkrum hráum saltkjöts-spaðbitum og hangnum bringukolli úr íláti í opnum skála á